



FRÆÐAGARÐUR

11. nóvember 2014

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Fræðagarðs um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu. 257. mál.

Athugasemdir:

Eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu lúta að ákvæði til bráðabirgða nr. I.

Fyrsta málsgrein bráðabirgðaákvæðis nr. I er svo hljóðandi: „*Starfsmönnum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Heyrnar- og talmeinstöðvar, Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga og TMF Tölvumiðstöðvar skal boðið starf við hina nýju stofnun með óbreyttum starfskjörum og ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um auglýsingaskyldu eiga ekki við um flutning starfsmanna samkvæmt ákvæðinu. Starfsmenn kunna þó að þurfa að hlíta breytingum á starfi vegna skipulags hinnar nýju stofnunar.*“

Í ákvæðinu kemur ekki fram hvort réttindi starfsmanna fari eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eða lögum nr. 72/2002, um aðilaskipti að fyrirtækjum, þegar viðkomandi stofnanir verða lagðar niður. Þá er ekki nefnt hvort biðlaunaréttur komi til álita í einhverjum tilvikum.

Í ákvæðinu segir að starfsmenn kunni að þurfa að hlíta breytingum á starfi vegna skipulags hinnar nýju stofnunar. Verði bráðabirgðaákvæði frumvarpsins óbreytt mun það valda mikilli óvissu fyrir starfsmenn, bæði um störf þeirra og verksvið. Þá er mikilvægt að það liggi fyrir sem fyrst hvaða störf starfsmönnum verða boðin. Um breytingar á starfi og verksviði gildir 19. gr. laga um réttindi og skyldur nr. 70/1996.

Fræðagarður leggur áherslu á að kjör og réttindi starfsmanna skerðist ekki með tilkomu sérhæfðrar þjónustumiðstöðvar á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu. Félagsmenn Fræðagarðs eiga uppsöfnuð réttindi samkv. kjarasamningi og stofnanasamningum félagsins. Má þar nefna starfsaldurstengd réttinda, biðlaunarétt, réttindi til simenntunar og námsleyfis. Mikilvægt er að bráðabirgðaákvæði frumvarpsins tryggji að kjör og réttindi starfsmanna



FRÆÐAGARÐUR

skerðist ekki við flutninginn. Einnig er mikilvægt að ríkið haldi áfram að greiða iðgjöld til B-deildar LSR fyrir þá starfsmenn sem það á við.

Lagt er til að velferðarnefnd liti til stofnunar Samgöngustofu í þessum efnunum. Með bráðabirgðaákvæði laga um Samgöngustofu nr. 119/2012 voru kjör og réttindi starfsmanna tryggð. Þar segir:

„Starfsmönnum stofnana sem sinnt hafa þeim verkefnum sem munu heyra undir [Samgöngustofu]¹⁾ samkvæmt lögum þessum og eru í starfi við gildistöku laga þessara skal boðið starf hjá hinni nýju stofnun. Um réttarvernd starfsmanna til starfa hjá [Samgöngustofu]¹⁾ fer eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, og laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/ 2002, eins og við á hverju sinni. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.“

Þar sem Alþingi ber að gæta jafnræðis er ekki vænlegt að leggja fram frumvarp til laga þar sem bráðabirgðaákvæði veldur því að staða starfsmanna sérhæfðrar þjónustumiðstöðvar á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu verður lakari en staða starfsmanna Samgöngustofu við samskonar flutning.

Fræðagarður óskar því eftir að bráðabirgðaákvæði frumvarps að lögum um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu verði endurskoðað.

Virðingarfyllst,
f.h. Fræðagarðs

Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir

Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir
Hagfræðingur Fræðagarðs